



# HRUNAMANNAHREPPUR

12. FUNDUR HREPPSNEFNDAR  
KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 4. FUNDUR ÁRSINS  
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 7. APRÍL 2011  
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2011, þann 7. apríl kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 3 mál, vegna sameiginlegs 5. fundar Ferða- og menningarnefndar og 5 fundar Landbúnaðarnefndar, beiðni Matis um lóð til tímabundina afnota og framlag til endurbyggingar Hrunaréttar. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessi erindi fram.

## Erindi til hreppsnefndar:

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2010. Fyrri umræða.
2. Samstarfssamningur um félagsþjónustu og erindisbréf velferðarnefndar.
3. Kjörskrá: Þjóðaratkvæðagreiðsla 9. apríl.
4. Sýslumaðurinn á Selfossi: Afskriftarbeiðni.
5. Skipun ruslamálaráðherra.
6. Margrét Runólfsdóttir: Fyrirspurn.
7. Bændamarkaður: Umsókn um leigu á handavinnustofu.
8. Samningur vegna fjallaskála.
9. Vettvangsstjórnunarnámskeið: Styrkur til björgunarsveitar.
10. Heimaland: Umsókn um íbúð.
11. Landgræðslufélag Hrunamannahrepps: Umsókn um styrk.
12. Specialisterne: Styrktarumsókn.
13. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um ferðamálaáætlun 2011-2020.
14. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum.
15. Skipulagsstofnun: Gildistaka deiliskipulags og deiliskipulagsbreytinga.
16. Ábúendur á Jaðri: Erindi vegna reiðvegjar.
17. Næsti fundur sveitarstjórnar.

## Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

18. Veitustjórn: 9. fundur stjórnar frá 28. mars s.l.
19. Fræðslu og æskulýðsnefnd: Fundargerð 2. fundar vegna Undralands frá 30. mars s.l.
20. Fræðslu og æskulýðsnefnd: Fundargerð 3. fundar vegna æskulýðsmála frá 30. mars s.l.
21. Fræðslu og æskulýðsnefnd: fundargerð 7. fundar vegna Flúðaskóla frá 30. mars s.l.

## Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

22. Félagsþjónusta: 135. fundur félagsmálanefndar frá 9. mars s.l.
23. 33. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 24. mars s.l. og 60. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 23. febrúar s.l. og 61. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 16. mars s.l.

## Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 197. stjórnarfundar frá 5. janúar s.l.
- b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 199. stjórnarfundar frá 11. mars s.l.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 200. stjórnarfundar frá 17. mars s.l.
- d. SASS: Fundargerð 442. stjórnarfundar frá 18. mars sl.
- e. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 132. fundar 4. mars s.l.
- f. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 128. stjórnarfundar 7. mars s.l.
- g. Eignarhaldsfélag Suðurlands ehf. Fundargerð aðalfundar 28. mars s.l.

### Kynningarmál:

- h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Stýrihópur sóknaráætlunar fyrir Suðurland.
- i. Þjónusturáð Suðurlands: Kynning á skiptingu fjármagns og rekstrarupplýsingar.
- j. Fornleifavernd ríkisins: Deiliskipulag vegna Grafar, Birtingarholts og Kerlingarfjalla.
- k. Umboðsmaður barna: Niðurskurður sem bitnar á börnum.
- l. Umboðsmaður barna: Niðurskurður í skólum.
- m. MAST: Beiðni um hrossasiður til útburðar.
- n. Umsögn vegna frumvarps til umferðalaga: Bréf frá oddvita og sveitarstjóra.
- o. KPMG: ábendingar og athugasemdir vegna drög að frumvarpi til sveitarstjórnarlaga.
- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Niðurstöður könnunar á fjárframlögum sveitarfélaga til stjórn málasamtaka.
- q. Mannvirkjastofnun: Slysatriggingar slökkviliðsmanna upplýsingar frá sveitarfélögum.
- r. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Aukagreiðsla vegna hækkunar á tryggingagjaldi.
- s. Innanríkisráðuneytið: Úrskurður í stjórn sýslumáli.
- t. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 784. stjórnarfundar 25. febrúar sl.
- u. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundagerð 785. fundar frá 24. mars s.l.

### Skýrsla á skrifstofu:

- v. Eignarhaldsfélag Suðurlands hf: Ársreikningur 2010.
- w. Lánasjóður sveitarfélaga ohf.: Ársreikningur 2010.
- x. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ársskýrsla 2010
- y. Landsnet: Kerfisáætlun.
- z. Háskóli Íslands: Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Lögreglan.

### **Gengið til dagskrár:**

1. **Ársreikningur Hrunamannahrepps 2010. Fyrri umræða.**

Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi KPMG mætti á fundinn undir þessum lið. Lagður var fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2010 ásamt sundurliðunum til fyrri umræðu. Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi, kynnti helstu kennitölur ársreikningsins og svaraði fyrirspurnum. Einari þakkað fyrir yfirferðina. Afgreiðslu vísað til næsta fundar hreppsnefndar.
2. **Samstarfssamningur um félagsþjónustu og erindisbréf velferðarnefndar.**

Oddviti lagði fram samstarfssamning um félagsþjónustu, erindisbréf velferðarnefndar og lokaskýrslu vinnuhóps um sameiginlegt félagsþjónustusvæði. Um er að ræða samstarfssamning þar sem sveitarfélögin Ölfus, Hveragerðisbær, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsness og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur stofna með sér sameiginlegt félagsþjónustusvæði með sameiginlega yfirstjórn en þrjú starfssvæði. Um verður að ræða sameiginlega 5 manna velferðarnefnd og sameiginlegan félagsmálastjóra og gert ráð fyrir að fyrirkomulagið taki gildi þann 1. ágúst 2011. Hreppsnefnd samþykkir framlagðan samstarfssamning um sameiginlega félagsþjónustu og erindisbréf fyrir sameiginlega velferðarnefnd og felur Ragnari Magnússyni oddvita að undirrita samninginn og erindisbréfið fyrir hönd sveitarfélagsins. Jafnframt skipar hreppsnefnd Ragnar Magnússon oddvita fulltrúa Hrunamannahrepps í nefnd oddvita/sveitarstjóra (NOS) sem fer með yfirstjórn sameiginlegs félagsþjónustusvæðis. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að ganga frá uppsögn og starfslokum núverandi félagsmálastjóra fyrir 1. maí 2011 en uppsagnarfrestur er 3 mánuðir. Jafnframt er sveitarstjóra falið að ganga frá nauðsynlegum breytingum á samþykktum Hrunamannahrepps vegna þessara breytinga. Hreppsnefnd lýsir yfir sérstakri ánægju með samstarf þessara sveitarfélaga í málaflöknum.
3. **Kjörskrá:Þjóðaratkvæðagreiðsla 9. apríl.**

Oddviti kynnti kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu þann 9. apríl nk. Kjörskrá liggur frammi á skrifstofu og felur hreppsnefnd Jóni G. Valgeirssyni sveitarstjóra að undirrita hana.
4. **Sýslumaðurinn á Selfossi: Afskriftarbeiðni.**

Oddviti kynnti afskriftarbeiðnir frá sýslumanninum á Selfossi vegna krafna út af ógreiddu útsvari samtals að fjárhæð kr. 3.016.271 en þessar kröfur eru metnar ónýtar og innheimtutilraunir án árangurs. Hreppsnefnd samþykkir að afskrifa ofangreindar kröfur fjárhæð kr. 3.016.271.

5. **Skipun ruslamálaráðherra.**  
Hreppsnefnd samþykkir að skipa Erlu Björk Arnardóttur sem ruslamálaráðherra fyrir árið 2011.
6. **Margrét Runólfsdóttir: Fyrirspurn.**  
Oddviti kynnti fyrirspurn frá Margréti hóteltjóra varðandi útleigu á félagsheimilinu til veisluhalds. Hreppsnefnd telur að reglur um afnot félagssamtafa af félagsheimilinu sé í föstum skorðum skv. opinberri gjaldskrá.
7. **Bændamarkaður: Umsókn um leigu á handavinnustofu.**  
Oddviti kynnti umsókn frá Bjarneyju, Ásdísi og Hörpu í Auðsholti um að leigja handavinnustofu Flúðaskóla í íþróttahúsi og aðstöðu í eldhúsi Flúðaskóla undir bændamarkað í sumar. Hreppsnefnd samþykkir að leigja þeim aðstöðuna að fengnu samþykki skólastjóra og felur sveitarstjóra að ganga frá leigusamningi við umsækjendur.
8. **Samningur vegna fjallaskála.**  
Oddviti kynnti drög að samningi um leigu á 4 fjallaskálum Hrunamannahrepps í sumar til Lofts S. Magnússonar. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn f.h. sveitarfélagsins.
9. **Vettvangsstjórnunarnámskeið: Styrkur til björgunarsveitar.**  
Oddviti kynnti bréf frá framkvæmdastjóra Almannaavarna Árnessýslu um vettvangsstjórnunarnámskeið 11-15. apríl nk. á Selfossi fyrir fulltrúa sveitarfélagana í aðgerðarstjórnnum þeirra. Hreppsnefnd samþykkir að styrkja Björgunarfélagið Eyvind um kr. 50.000 til að senda sinn fulltrúa á námskeiðið.
10. **Heimaland: Umsókn um íbúð.**  
Oddviti kynnti umsókn um íbúð í íbúðum aldraðra í Heimalandi á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir umsóknina og með hliðsjón af efni hennar að ráðast í framkvæmdir á íbúðinni. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að ganga til samninga við verktaka um nauðsynlegar framkvæmdir í ljósi upplýsinga sem koma fram á fundinum en heildarkostnaður við framkvæmdir er áætlaður um kr. 5.000.000. Gera verður ráð fyrir þessu í endurskoðaðri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.
11. **Landgræðslufélag Hrunamannahrepps: Umsókn um styrk.**  
Oddviti kynnti bréf frá landgræðslufélagi Hrunamannahrepps þar sem farið er fram á styrk frá hreppnum og áframhaldandi samstarf. Hreppsnefnd samþykkir að styrkja Landgræðslufélagið um kr. 100.000 auk matarkostnaðar.
12. **Specialisterne: Styrktarumsókn.**  
Oddviti kynnti umsókn að Hrunamannahreppur gerist stofnfjáraðili, með framlagi að upphæð kr. 50 á hvern íbúa, að stofnun umsjónarfélags einhverfra á Íslandi, Specialisterne. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
13. **Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um ferðamálaáætlun 2011-2020.**  
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um ferðamálaáætlun 2011-2020. Hreppsnefnd vísar málinu til Ferða- og menningarnefndar.
14. **Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum.**  
Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á vatnalögum. Hreppsnefnd samþykkir að vísa málinu til Landbúnaðarnefndar.
15. **Skipulagsstofnun: Gildistaka deiliskipulags og deiliskipulagsbreytinga.**  
Oddviti kynnti beiðni frá Skipulagsstofnun um upplýsingar frá Hrunamannahreppi um gildistöku tiltekinna deiliskipulagsáætlana. Hreppsnefnd felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun nauðsynlegar upplýsingar.
16. **Ábúendur á Jaðri: Erindi vegna reiðvegjar.**  
Oddviti kynnti erindi sem borist hefur frá ábúendum á Jaðri, þar sem þeir biðja um reiðveg meðfram veginum frá Dalsá heim að bænum. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að senda erindi til vegagerðarinnar.

**17. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Hreppsnefnd samþykkir að næsti fundur hreppsnefndar verði fimmtudaginn 12. maí kl. 14.00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**18. Veitustjórn: 9. fundur stjórnar frá 28. mars s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar veitustjórnar. Farið var yfir stöðu mála vegna viðræðna um kaup á hitaveitu Grafarveitu og ástand stofnlagnar í vesturbæ Flúða. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**19. Fræðslunefnd: Fundargerð 5. fundar vegna Undralands frá 30. mars s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar fræðslunefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu leikskólustjóra og trúnaðarmál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**20. Fræðslunefnd: Fundargerð 2. fundar vegna æskulýðsmála frá 30. mars s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna æskulýðsmála frá 30. mars s.l. Farið var yfir æskulýðsmál, samræmingu á dagtölum skóla, málefni félagsmiðstöðvar o.fl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**21. Fræðslunefnd: fundargerð 7. fundar vegna Flúðaskóla frá 30. mars s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar fræðslunefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólustjóra, drög að skóladagatali, farið yfir niðurstöður PISA könnunar, erindisbréf fyrir nefndina og formaður sagði frá nýafstöðnu menntapingi í Gunnarsholti. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og nýtt erindisbréf nefndarinnar.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

**22. Félagsþjónusta: 135. fundur félagsmálanefndar frá 9. mars s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 135. fundar félagsmálanefndar þann 9. mars sl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**23. 33. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 24. mars s.l. og 60. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 23. febrúar s.l. og 61. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 16. mars s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð 33. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 24. mars 2011 en þar var farið yfir fjögur mál fyrir Hrunamannahrepps og 3 sameiginleg. Farið var yfir mál nr. 1, þar sem samþykkt er stöðuleyfi til eins árs fyrir vinnuskúr í Hólabyfi úr landi Reykjadal. Mál nr. 2, samþykkt stöðuleyfi til eins árs fyrir skála fyrir göngufólk í Efri-Kisubotnum. Mál nr. 12 þar sem samþykkt er deiliskipulag í Birtingaholti 2, 4 og 5. Mál nr. 13, þar sem samþykkt er að auglýsa endurskoðun deiliskipulags frístundasvæðisins í Dalabyggð úr landi Reykjadal. Mál nr. 5 fundargerðir 60. og 61. afgreiðslufunda frá 23. febr. og 16. mars s.l. en þar voru engin mál sem tengdust Hrunamannahrepp. Mál nr. 6 þar sem kynnt var erindi vegna húsnæðismála byggingar- og skipulagsfulltrúaembættisins frá Grímsnes og Grafningshreppi og mál nr. 25 kynning á verklagi við stofnun þjóðlenda og lóða þar innan. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina.

**Önnur mál:**

**24. Sameiginlegur 5. fundur Ferða- og menningarnefndar og 5. Fundur landbúnaðarnefndar frá 6. mars. sl.**

Oddviti lagði fram sameiginlega fundargerð 5. fundur Ferða- og menningarnefndar og 5. fundur Landbúnaðarnefndar frá 6. mars. sl þar sem fjallað var um möguleika á að halda stóðréttir í Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**25. Matis. Umsókn um lóð til tímabundina afnota.**

Oddviti kynnti umsókn Matis um að fá til afnota landskika norðaustanmegin við Matarsmiðjuna að lóðjúlóð 2 endurgjaldslaust til eins árs undir sýningarða og tilraunreit með grænmeti. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að ganga til samninga um víkjandi leigu á landinu til eins árs gegn eðlilegri lóðaleigu.

## 26. Framlag vegna Hrunarétta.

Oddviti fór yfir áætlaðan kostnað vegna endurbyggingu á Hrunarétum. Hreppsnefnd samþykkir að hækka framlag sveitarfélagsins á árinu 2011 úr kr. 1.300.000 í samtals kr. 3.000.000. Gera verður ráð fyrir þessu í endurskoðaðri fjárhagsáætlun.

### Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 197. stjórnarfundar frá 5. janúar s.l. Fundargerð lögð fram.
- b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 199. stjórnarfundar frá 11. mars s.l. Fundargerð lögð fram.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 200. stjórnarfundar frá 17. mars s.l. Fundargerð lögð fram.
- d. SASS: Fundargerð 442. stjórnarfundar frá 18. mars sl. Fundargerð lögð fram.
- e. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 132. fundar 4. mars s.l. Fundargerð lögð fram.
- f. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 128. stjórnarfundar 7. mars s.l. Fundargerð lögð fram.
- g. Eignarhaldsfélag Suðurlands ehf. Fundargerð aðalfundar 28. mars s.l. Fundargerð lögð fram.

### Kynningarmál:

- h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Stýrihópur sóknaráætlunar fyrir Suðurland. Lagt fram til kynningar.
- i. Þjónusturáð Suðurlands: Kynning á skiptingu fjármagns og rekstrarupplýsingar. Lagt fram til kynningar.
- j. Fornleifavernd ríkisins: Deiliskipulag vegna Grafar, Birtingarholts og Kerlingarfjalla. Lagt fram til kynningar.
- k. Umboðsmaður barna: Niðurskurður sem bitnar á börnum. Lagt fram til kynningar.
- l. Umboðsmaður barna: Niðurskurður í skólum. Lagt fram til kynningar.
- m. MAST: Beiðni um hrossasiður til útburðar. Lagt fram til kynningar.
- n. Umsögn vegna frumvarps til umferðalaga: Bréf frá oddvita og sveitarstjóra. Lagt fram til kynningar.
- o. KPMG: ábendingar og athugasemdir vegna drög að frumvarpi til sveitarstjórnarlaga. Lagt fram til kynningar.
- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Niðurstöður könnunar á fjárframlögum sveitarfélaga til stjórn málasamtaka. Lagt fram til kynningar.
- q. Mannvirkjastofnun: Slysátryggingar slökkviliðsmanna upplýsingar frá sveitarfélögum. Lagt fram til kynningar.
- r. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Aukagreiðsla vegna hækkunar á tryggingagjaldi. Lagt fram til kynningar.
- s. Innanríkisráðuneytið: Úrskurður í stjórnsýslumáli. Lagt fram til kynningar.
- t. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 784. stjórnarfundar 25. febrúar sl. Lagt fram til kynningar.
- u. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 785. fundar frá 24. mars s.l. Lagt fram til kynningar.

### Skýrsla á skrifstofu:

- v. Eignarhaldsfélag Suðurlands hf: Ársreikningur 2010. Lagt fram til kynningar.
- w. Lánasjóður sveitarfélaga ohf.: Ársreikningur 2010. Lagt fram til kynningar.
- x. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ársskýrsla 2010 Lagt fram til kynningar.
- y. Landsnet: Kerfisáætlun. Lagt fram til kynningar.
- z. Háskóli Íslands: Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Lögreglan. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.45.